

Ákvæði í grein 1.7. um að hitastig frárennslisvatns verði 45°C skal koma til framkvæmda ekki síðar en 1. júní 1984, en þangað til verður leyft að hitastig frárennslisvatns verði 55°C. Ákvæði í grein 1.7. um lágmarksröramagn í gróðurhúsum skal vera fullnægt ekki síðar en 31. des. 1984.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 135/1962 um Hitaveitu Hveragerðis.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. desember 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## REGLUGERÐ

### um bann við ofbeldiskvikmyndum.

#### 1. gr.

Skoðun kvikmynda skv. 2. gr. laga nr. 33 frá 23. mars 1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum fer fram í Reykjavík, nema leyfð hafi verið skoðun annars staðar skv. 58. gr. 5. mgr. laga nr. 53/1966. Þeim, sem flytur kvikmynd inn eða hyggst selja kvikmynd, dreifa henni eða sýna hana ber að koma myndinni til skoðunarmanna nema skoðunarmenn þessir hafi áður skoðað myndina og lýst því, að hún brjóti ekki gegn 1. gr. laga nr. 33/1983. Skoðunarmenn geta krafist tollskjala, ef þeir telja ástæðu til.

#### 2. gr.

Tveir skoðunarmenn hið fæsta skulu skoða hverja mynd. Greini þá á, skal kveðja hinn þriðja til og ræður þá meirihluti skoðunarmanna.

Gefa skal skriflegt vottorð um, að skoðun hafi farið fram og að skoðunarmenn telji kvikmyndina ekki brjóta gegn 1. gr. laga nr. 33/1983. Hið skoðaða eintak skal merkt.

Ríkisútvarpið annast skoðun kvikmynda, sem það sjónvarpar en menntamálaráðherra er heimilt að ákveða, að tiltekin mynd skuli skoðuð af skoðunarmönnum kvikmynda eftir VI. kafla laga nr. 53/1966. Hafa þeir þá úrskurðarvald um það, hvort myndin brjóti gegn 1. gr. laga nr. 33/1983.

#### 3. gr.

Fyrir skoðun eftir lögum nr. 33/1983 og reglugerð þessari skal greiða 100 krónur í ríkissjóð nema gjald sé greitt eftir 58. gr. 7. mgr. laga nr. 53/1966.

#### 4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar refsingu eftir 4. gr. laga nr. 33/1983.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 33/1983, öðlast þegar gildi og gildir til ársloka 1987 nema annað verði síðar ákveðið.

*Menntamálaráðuneytið, 21. desember 1983.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Knútur Hallsson.*